# Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2025

## EFNA2GE05

| | | |
|---|---|---|
| **Kennari** | Karen Rúnarsdóttir, karen.runarsdottir@fss.is |  |
| **Viðtalstími** | Fimmtudagar kl. 14:00-14:40, staðsetning eftir samkomulagi. | |
| **Námsefni** | Efni frá kennara | |
| **Áfangalýsing** | Í áfanganum er áfram unnið með undirstöðuþætti efnafræðinnar. Til viðbótar er fjallað um gaslögmálið og tenginguna þess við mól- og massaútreikninga í efnahvörfum auk þess sem farið verður í orkubreytingar við efnahvörf, hraða efnahvarfa og jafnvægishugtakið kynnt. Áhersla er lögð á aukið sjálfstæði í verklegum æfingum og vinnubrögðum almennt. | |
| **Námsmat og vægi námsmatsþátta** | Til að ná áfanga þarf að ná að lágmarki 4,5 úr lokaprófi auk þess sem vegið meðaltal úr lokaprófi og vinnueinkunn þarf að vera að lágmarki 4,5. Hægt er að sleppa við lokapróf að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:<br>• **Meðaltal úr könnunarprófum er að lágmarki 8,0.**<br>• **Könnunarpróf eru tekin á tilsettum tíma.** Tekið er tillit til sérstakra aðstæðna eins og t.d. veikinda. Rætt er við kennara fyrir fram eða samdægurs.<br>**Vegið meðaltal úr öllum námsþáttum er að lágmarki 8,0.**<br>**Símatsáfangi** ☐ **Lokapróf** ☐ **Sleppikerfi** ☒ | |

| **Heiti** | **Vægi** |
|---|---|
| Tímaverkefni | 15% |
| Verklegar æfingar | 15% |
| Könnunarpróf | 30% (2*15%) |
| Lokapróf | 40% |

| | |
|---|---|
| **Reglur áfanga** | Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. |

| | |
|---|---|
| **Annað sem kennari vill láta koma fram** | Mundu að spyrja ef þú skilur ekki eitthvað eða ef eitthvað er óljóst. Sendu mér póst og láttu mig vita ef eitthvað bjátar á. Betra er að gera það strax frekar en að bíða með það. |

**Þekking**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:
- gaslögmálinu og hagnýtingu þess í efnafræði og skyldum greinum
- orkuhugtakinu og orkubreytingum við efnahvörf
- helstu efnagreiningaraðferðum
- helstu drifkröftum efnahvarfa
- jafnvægishugtakinu
- hlutfallareikningi í efnahvörfum

**Leikni**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:
- beita mól-, rúmmáls-, massa- og hlutfallareikningi í tengslum við efnahvörf
- greina óþekkt efnismagn t.d. með títrun eða söfnun gass
- beita einfaldri efnagreiningu
- reikna út hvarfhraða og orkubreytingar við efnahvörf
- setja upp og framkvæma verklegar æfingar og vinna markvisst úr niðurstöðum

**Hæfni**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
- leggja rökstutt mat á gang efnahvarfa og áhrif utanaðkomandi þátta t.d. á hvarfhraða og jafnvægisstöðu
- vinna sjálfstætt að úrlausn efnafræðilegra viðfangsefna, bæði verklegra og skriflegra
- koma niðurstöðum rannsókna á framfæri með skilmerkilegum hætti bæði í ræðu og riti
- notfæra sér efnafræðina í öðrum raungreinum og hinu daglega lífi

| Vinnuáætlun | | |
|---|---|---|
| **Tímasókn** | 16 vikur x 4 klst. | 64 klst. |
| **Heimavinna** | 16 vikur x 2 klst. | 32 klst. |
| **Undirbúningur f. kaflapróf** | 3 x 2 klst. | 6 klst. |
| **Undirbúningur f. lokapróf** | 12 klst. | 12 klst. |
| **Lokapróf** | 2 klst. | 2 klst. |
| **Alls** | | **116 klst. = 5 fein*** |

| Kennsluvikur | Áætluð yfirferð námsefnis | Skil á verkefnum |
|---|---|---|
| **1. vika**<br>19. – 22. ágúst | Upprifjun úr fyrra námsefni | |
| **2. vika**<br>25. – 29. ágúst | Gaslögmálið | **Verklegt 1 tilraunastofan** |
| **3. vika**<br>1. – 5. september | Gaslögmálið | Tímaverkefni 1 |
| **4. vika**<br>8. – 12. september | Efnahvörf | |
| **5. vika**<br>15. - 19. september | Efnahvörf | Tímaverkefni 2 |
| **6. vika**<br>22. - 26. september | Efnahvörf og hlutföll | |
| **7. vika**<br>29. sept. - 3. október | Efnahvörf og hlutföll | Tímaverkefni 3 |
| **8. vika**<br>6. - 10. október | Efnahvörf og orka | Könnunarpróf 1 |
| **9. vika**<br>13. - 17. október<br>*Námsmatsdagur 16. okt.*<br>*Vetrarleyfi 17. okt.* | Efnahvörf og orka | Tímaverkefni 4 |
| **10. vika**<br>20. - 24. október<br>*Vetrarleyfi 20. okt.* | Efnahvörf og orka / Hraði efnahvarfa | |
| **11. vika**<br>27- 31. október | Hraði efnahvarfa | Tímaverkefni 5 |
| **12. vika**<br>3. - 7. nóvember | Hraði efnahvarfa / Jafnvægi | |
| **13. vika**<br>10. - 14. nóvember | Jafnvægi | |
| **14. vika**<br>17. - 21. nóvember | Jafnvægi | Tímaverkefni 6 |
| **15. vika**<br>24. - 28. nóvember<br>*Dimissio 28. nóv.* | Upprifjun | |
| **16. vika**<br>1. - 8. desember<br>*Stoðdagur mánudaginn 8. des.* | Undirbúningur fyrir lokapróf | |

*Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf*

*Karen Rúnarsdóttir*